

FUNDUR UM KVENNAFRAMBOÐ Í REYKJAVÍK HALDINN AÐ HALLVEIGARSTÖÐUM
PANN 25. NOVEMBER KL. 8³⁰

Fundastjóri: Magdalena Schram.

Fundaritari: Sólrún Gísladóttir.

Magdalena Schram setti fundinn, sagði lítillega frá undirbúningi hans og þeim starfshópum sem sétja þyrfti á laggirnar. Hvattí hún konur til að skrá sig í þá og dreifði þar til gerðum blöðum. Kristín Jónsdóttir talaði fyrir hönd þess hóps sem undirbúið hafði fundinn og skýrði frá verkefnunum framundan. Sjá ræðu hennar. *

Valgerður Magnúsdóttir gestur frá undirbúningshóp kvennaframboðs á Akureyri sagði frá starfinu þar. Hún sagði að fyrst hefði verið talað um kvennaframboð þar fyrir síðustu bæjarstjórnarkosningar b.e. árið 1978. Í það hefði þó ekki verið ráðist á þeim tíma þar sem konur á Akureyri hefðu treyst því að prófkjörin fleyttu konum upp á listunum. Svo var þó ekki og konur sáu að þau skiliðu engum árangri. S.l. veturnar var svo stofnuð Jafnréttishreyfing á Akureyri sem hristi nokkuð upp í hlutunum og s.l. vor kom kvennaframboðshugmyndin upp á nýjan leik. Konur á Akureyri byrjuðu starf sitt að kvennaframboði með því að halda stóran fund í júní, líkan þeim sem haldinn var í Reykjavík að Hótel Borg þann 14. nóv. Héldu síðar annan fund þar sem þær röðuðu sér í starfshópa og kusu frjálslega í fastar nefndir. Þær gerðu ýmsar konur ábyrgar fyrir einstökum málum m.a. gerðu þær eina konu að húsnæðisfulltrúa hópsins og aðra gerðu þær ábyrga gagnvart hópstjórum. Húsnæðisfulltrúinn átti að hafa það hlutverk með höndum að finna húsnæði fyrir framboðið og hefur það enn ekki tekist. Taldi Valgerður að þarna kæmi í ljós sá aðstöðumunur sem væri milli karla og kvenna því ef þarna hefðu verið karlar á ferðinni, þá væru þeir örugglega búrir að fá húsnæði. Hóparnir fóru strax af stað af fullum krafti og hafa starfað mjög vel. Þeir öfлуðu sér upplýsinga, unnu úr þeim og unnu upp greinagerðir. Upplýsinganna öfluðu þeir sér m.a. í fundagerðum nefnda, Árbók Akureyrar, reikningum bæjarins o.fl. Konurnar í hópunum töluðu einnig við kunnuga og þá sem hafa brennandi áhuga á einstökum málum og var þeim alls staðar vel tekið. Um miðjan nóvember héldu þær ráðstefnu þar sem hóparnir kynntu sín málefni og var vel mætt á hana. Umræður á ráðstefnunni fóru fram í litlum og stórum hópum og höfðu allar mikil til málanna að leggja. Sagði Valgerður að á ráðstefnunni

hefði margsinnis komið fram hversu nauðsynlegt væri að líta alltaf á málin út frá sjónarhól kvenna og tók íþróttamálín sem dæmi. Sagði hún að flokkarnir hefðu allir ágætar stefnuskrár í íþróttamálum ef fyrst og fremst væri litið til keppnisíþróttanna, en ef málin eru athuguð eins og þau horfa við konum þá þarf að leggja áhersluna á almenningsíþróttir. A ráðstefnunni fékk þriggja manna nefnd/hópur það verkefni að sjóða saman stefnuskrá úr niðurstöðum starfshópanna og á hún að liggja fyrir á fundi eftir ca. hálfan mánuð. Sagði Valgerður að fjárlunarhópur hefði starfað mjög vel og hefði hann t.d. skipulagt happadrætti. Hópurinn ætlar jafnframt að selja óáfengt jólaglögg í miðbæ Akureyrar þá daga fyrir jólin sem mest er að gera. Valgerður benti á að ekkert væri nýtt undir sólinni og mjög erfitt væri að finna fjárlunarleiðir sem ekki hefðu þegar verið notaðar. Hún sagðist hafa verið beðin um að segja frá því hvernig Akureyrar-konur leystu ágreiningsmál sín en það gæti hún ekki. Sagðist hún ekki vita hvort það væri vegna þess að þau hefðu annað hvort ekki komið upp eða þá vegna þess að þau hefðu verið leyst svo snilldarlega að enginn hefði tekið eftir þeim.

Frásögn Valgerðar var mjög vel tekið á fundinum og að henni lokinni var gert stutt kaffihlé.

Að kaffihlénu loknu voru almennar umræður og höfðu nokkrar konur skráð sig á mælendaskrá. Fyrstar á mælendaskrá voru Áslaug Ragnars og Kristín Ástgeirs dóttir sem báðar höfðu starfað að undirbúningi þessa fundar. Fundaritari var því miður dálítið utan við sig meðan þær töluðu og gleymdi að halda fundargerð, minnir hann þó að þær hafi f.o.f. talað um það sem gerst hafði frá því að fundurinn á Hótel Borg var haldinn. En fyrst stund játninganna er runnin upp þá skal það fúslega viðurkennt að allt það sem hér fer á eftir er mjög gloppótt þar sem undirrituð gleymdi því oftar en einu sinni í hita leiksins hvaða störfum hún hafði að gegna.

Erna Arngrímsdóttir kom því næst upp og sagði frá því að þær konur sem unnu íslenskt vaðmál til útflutnings á 14. öld hafi aðeins verið matvinnungar. Tengdi hún það þeim konum sem eru í verkakvennafélögunum Iðju og Framsókn í dag og vinna láglau-nastörfin í landinu. Benti hún á að betta væru mannasetningar og hingað til hefði svo sannarlega ekki verið ríkjandi óákveðin stefna varðandi láglau-nastörf kvenna. Engir karlar feng just hins vegar í láglau-nastörfin. Því næst vitnaði hún í framsögu-erindi Þorbjarnar Broddasonar á fundi Albýðubandalagsins um

kvennaframboð. Sagði hún að hann hefði þar tekið dæmi af blökkumannahreyfingunni í Bandaríkjunum á fyrri áratugum b.e. meðan blökkumenn reyndu að sléttu hár sitt og lýsa hörund sitt. Vitnaði hann í orð Malkom X sem sagði að þetta hefðu verið gervihvítingjar. Virtist Þorbjörn telja að þetta ætti að vera kvennaframboði víti til varnaðar og hafði bersýnilega áhyggjur af því að við yrðum einhvers konar gervikarlar. Tók Erna síðan ótal dæmi úr sögunni (allt frá 3. öld f.Kr.) til vitnis um aldalanga kúgun kvenna. Eitt dæmið var af Aristótles. Sagði hún að til hans mætti rekja tvær villukenningar. Sú fyrri væri að jörðin væri flöt og þá kenningu hefði kirkjan tekið upp á sína arma og haldið stift fram. Þá kenningu hefði tekist að afsanna eftir miklar fórnir og of-sóknir á hendur þeim er það reyndu. Önnur villukenning Aristó-telesar hljóðar svo: ^{Karl} Maðurinn er virkur, konan er óvirk. Lauk Erna máli sínu með því að segja að það væri okkar hlutverk að afsanna aðra villukenningu Aristótelesar.

Guðrún Kristinsdóttir gerði athugasemd við þá tilfögu undir-búningshóps að kjósa framkvæmdanefnd fyrir kvennaframboðið á þessum fundi. Sagði hún að það hefði verið lýðræðislegra og betra að auglýsa þessa kosningu því þá hefðu konur getað undir-búið einhverjar tilnefningar. Sagðist hún benda á þetta til um-ræðu en ef fundurinn hefði ekkert á móti því að kjósa framkvæmdanefnd núna þá væri auðvitað ekkert á móti því. Taldi hún jákvætt að hafa starfshóp í gangi sem hefði ákveðið afmarkað verkefni með höndum og var hún þá að vísa til starfshóps um athvarf fyrir konur og börn. Sagði hún að þetta væri góð tenging við starfið eftir kosningar, þetta væri vísir að lifandi hreyfingu sem ekki hugar eingöngu að kosningum.

Aslaug Ragnars svaraði Guðrúnu og sagði að nauðsynlegt væri að kjósa framkvæmdanefnd, kynningahóp og fjárlöflunarhóp til að boka áfram "praktískum" málum. Bentí t.d. á að ef við ætluðum okkur að fá síma þá yrði einhver að vera skriffaður fyrir honum.

Lára Júliusdóttir sagði að það vantaði eitthvert form á þetta allt saman. Bentí hún m.a. á að þær hjá Kvenréttindafélaginu hefðu gjarnan viljað bjóða einhverri frá kvennaframboðinu á ráðstefnu sína s.l. mánudag, en þær hafi staðið frammi fyrir spurningunni: "Hverjar eru þetta?". Enginn formlegur aðili væri til að snúa sér til. Að lokum stakk hún upp á nafni fyrir þá hreyfingum sem barna væri að myndast. Lagði hún til að hún yrði kölluð "Kvennaframboð í Reykjavík 1981".

Fundarstjóra hafði borist skrifleg fyrirspurn fyrir fundinn sem hljóðaði svo: "Skal stofna formleg samtök um kvennaframboð?".

Áslaug Ragnars svaraði fyrirspurninni og sagði að hún sæi ekki fram á annað en að nauðsynlegt væri að stofna formleg samtök því eitthvert fast form yrði að vera á bessu.

Sigriður Friðriksdóttir stóð upp og spurði hvort ekki væri hægt að hafa svipað skipulag á kvennaframboðinu og var á undirbúningi Kvennafrídagssins í Reykjavík

Fundarstjóri lagði til að kosið yrði í fastanefndirnar og benti á að nauðsynlegt væri að koma á legg einhvers konar framkvæmdaneftnd.

Sólrún Gísladóttir lagði til að stofnuð yrði framkvæmdaneftnd til bráðabirgða sem hefði umboð fram að löglega boðuðum stofnfundi samtaka um kvennaframboð.

Asta R. Jóhannesdóttir lagði til að stefnt yrði að stofnun samtaka bann 23. janúar og sagði að bann dag hefði kvennaframboð í Reykjavík komið fram árið 1908.

Urðu nú miklar umræður meðal fundarmanna um væntanlega tilhögun fastanefnda og það hvort stofna ætti formleg samtök eða ekki. Voru ýmsar hugmyndir á lofti um form starfsins og margar munnlegar tillögur bárust utan úr sal sem fundarritari gat ekki hent reiður á. Tóku ýmsar konur til máls m.a. Elín Olafsdóttir og Nanna Úlfssdóttir sem bað konur um að halda ró sinni og flana ekki að neinu.

Sólrún Gísladóttir lagði fram skriflega tillögu fyrir fundinn sem hljóðaði svo: "Legg til að kosin verði framkvæmdaneftnd til bráðabirgða sem vinni að undirbúningi stofnunar samtaka um kvennaframboð. Nefndin boði fund hið fyrsta og kynni tillögur sínar, og boði stofnfund samtakanna með löglegum fyrirvara."

Urðu nokkrar umræður um tillöguna sem síðan var borin undir fundinn og hún samþykkt með þorra atkvæða. Engin mótagkvæði komu.

Var síðan leitað eftir tilnefningum í framkvæmdaneftnd og gáfu eftirfarandi konur kost á sér og voru samþykktar.

Helga Thorberg, Sigrún Sigurðardóttir, Sigurbjörg Aðalsteinsdóttir, Áslaug Ragnars, Kristín Jónsdóttir, Kristín Ástgeirs-dóttir og Sigriður Kristmundsdóttir.

Var jafnframt ákveðið að fundir nefndarinnar væru opnir öllum þeim sem áhuga hefðu.

Fundarstjóri lagði til að kosið yrði í kynningarhóp og fjárfel-unarhóp til bráðabirgða. Var það gert og gekk mjög fljótt og vel fyrir sig. Voru konur óhræddar við að gefa kost á sér í þessa hópa.

Var fundi síðan slitið klukkan 23³⁰. Sólrún Gísladóttir